

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.05.2017
Málalýkill	09.33
Mál nr.	1705302

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ
-bæjarstjóri Garðabæjar

Tjarnarlandi 28. Maí 2017

Undirritaðir eigendur Tjarnarlands Álftanesi óskum eftir upptöku á máli varðandi aðkomu að húsi okkar Tjarnarlandi.
Þetta mál var í vinnslu frá árinu 1999 til 2008 hjá Sveitarfélaginu Álftanes án þess að hafa fengið endanlega lausn.

Málið snýst um að þegar hús okkar var byggt 1981 var það gert samkvæmt skipulagi sem eigendur létu gera að austurhluta Skógtjarnarlands. Samkvæmt því skipulagi átti aðkoma að húsi okkar að vera úr austri.

Af einhverjum orsökum var hætt við frekari framkvæmdir samkvæmt því skipulagi og því bjuggu eigenur við bráðabyrgða vegtengingu við Miðskóga.

Frá 1984 til 2005 var Skógtjarnarlandið á aðalskipulagi sem byggingarland og því var það alltaf trú eigenda að með tímanum fengist varanleg vegtenging í stað bráðabirgða tengingar frá Miðskógum.

Við breytingu á deiliskipulagi Miðskóga 1999 þá var aðkoma að húsi okkar sett frá Miðskógum þ.e. úr vestri. Við þetta var útilokað að koma aðkeyrslu að húsinu nema með því að færa bílskúr til á lóðinni.

Við tók nokkra ára barátta við sveitarfélagið sem allan tíman viðurkenndi vandamálið og kröfu eigenda um að ef að framkvæmd yrði, þá yrði hún án kostnaðar fyrir eigendur. Að minsta kosti tvisvar var málið komið nálægt framkvæmdastigi og árið 2006 komið á fjárhagsáætlun samkvæmt bréfi frá þáverandi bæjarstjóra.

Ekkert varð úr efndum þrátt fyrir það heldur var eigendum sagt að málið yrði enn skoðað við endurskoðun á deiliskipulagi Vestur Skógtjarnarsvæðisins en Miðskógar tilheyra því svæði. Ekki tókst betur til í þeirri endurskoðun en að engin aðkoma var sýnd að lóð Tjarnarlands. Var sú niðurstaða kærð til Skipulagsstofnunar sem úrskurðaði að það væri á ábyrgð bæjaryfirvalda að á deiliskiplagi sé tryggð aðkoma að lóðum. Var það lagfært í næsu útgáfu.

Síðan hefur málið legið niðri en þar sem nú virðist sem einhver hreyfing sé að komast á skipulags málin hér á Álftanesi er það ósk eigenda að það verði tekið upp afturog þá með aðkomu úr austri eins og upphaflegt skipulag gerði ráð fyrir. Það ætti að verða tiltölulega auðvelt mál þar sem ekki þarf annað til en leyfa notkun á Skógtjarnalandinu á þann máta sem það var ætlað til í yfir 25 ár.